



# Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík • sími 458-2200

Reykjaneshöfn  
Víkurbraut 11  
230 Reykjanesbæ  
V.t. Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri

Reykjanesbær, 15. febrúar 2023

**Varðar: Leiðrétting á eigendaskráningu á eignum sem skráðar eru á Reykjaneshöfn**

Við skoðun á bókum embættisins hefur komið í ljós að eigendaskráning lóða, sem skráðar eru sem eign Reykjaneshafnar er ekki rétt, miðað við það afsal sem er grundvöllur eigendaskráningarinnar, skjal dags. 28. desember 1989 með þinglýsingarnúmer 448-001374/1991, sbr. meðfylgjandi eignaskrá er fylgir afsalinu.

Í 1. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 segir að þinglýsingarstjóri skuli bæta úr ef hann verður þess áskynja að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal þinglýsingarstjórinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Hér með tilkynnist að sýslumaður hefur tekið þá ákvörðun, með vísan til ofangreinds lagaákvæðis að leiðrétta skráningu þeirra lóða, sem um ræðir, þannig að skráður eigandi þeirra verði Keflavíkur- og Njarðvíkurbærir, eins og skjalið greinir, nú Reykjanesbær kt. 470794-2169.

Veittur er 30 daga frestur til að koma með athugasemdir við þessa ákvörðun sýslumanns, frá móttöku bréfs þessa. Ef aðilar óska eftir fundi með sýslumanni vegna málsins er sjálfsagt að verða við því.

F.h. Sýslumannsins á Suðurnesjum


Sif Magnúsdóttir, fulltrúi

**Meðfylgjandi:**

- Afsal dags. 28. desember 1989, skjal 448-A-001374/1991 og meðfylgjandi eignaskrá.
- Eignayfirlýsing dags. 1. september 2022.

**Afrit:**

Reykjanesbær  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær  
V.t. Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri

Sent með ábyrgðarbréfi



Rétt ljósrit staðfest

f.h.r.

*Þrági Gunnarsson*

## AFSALSBRÉF VEGNA LANDSHAFNARINNAR Í KEFLAVÍK OG NJARÐVÍK.

FJÁRMÁLARÁÐHERRA fyrir hönd ríkissjóðs (hér eftir nefndur afsalsgjafi)

OG

SAMGÖNGURÁÐHERRA (hér eftir nefndur ráðherra)

LÝSA YFIR AÐ

MED ÞVÍ AÐ afsalsgjafi er eigandi lóða og mannvirkja á hafnarsvæði í Keflavík og Njarðvík, samkvæmt 1. gr. laga nr. 23 6. maí 1955

OG

MED ÞVÍ AÐ samningar hafa tekist milli ráðherra, afsalsgjafa og bæjarstjórna Keflavíkur og Njarðvíkur, sbr. heimild í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 69 28. maí 1984, til viðræðna um afhendingu lóða og mannvirkja Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík til eignar og reksturs samkvæmt hafnalögum og 74. gr. laga nr. 87 31. maí 1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

OG

MED ÞVÍ AÐ Alþingi hefur heimilað slíka afhendingu í tölulið 4.17 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, nr. 2/1989

ÞÁ AFSALAST MEDUNDIRRITUDUM

bæjarstjórnnum Keflavíkur og Njarðvíkur (hér eftir nefndar afsalshafi) til fullrar eignar og umráða lóðir og mannvirki Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík með þeim skilmálum sem nánar getur í afsalsbréfi þessu.

1. gr.

Hin afsalaða eign eru lóðir, mannvirki og lausafé sem á afsalsdegi telst vera eign hafnarsjóðs Landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvík samkvæmt upptalningu í efnahagsreikningi.

2. gr.

Framangreindum eignum er afsalað í núverandi ástandi sem afsalshafi hefur rækilega kynnt sér.

Gjaldfrjálst 20 13 1991



F.h. fjármálaráðuneytisins

*Þrági Gunnarsson*

3. gr.

Afsalshafi greiðir skatta og önnur gjöld af eignunum og hirðir arð af þeim miðað við afhendingartíma.

4. gr.

Afsal þetta miðast við 1. Janúar 1990 og fær afsalshafi allar rekstrartekjur og greiðir allan kostnað af rekstri og viðhaldi eignarinnar frá sama tíma og nýtur framlaga samkvæmt hafnalögum.

5. gr.

Um réttlíndi núverandi starfsmanna hafnarinnar, þ.m.t. lffeyrisréttlíndi og biðlaun, fer samkvæmt ákvæðum laga og kjarasamninga og skal ríkissjóður bera allan kostnað af þessum sökum.


6. gr.


Reikningar landshafnarinnar fyrir árið 1988 hafa legið fyrir aðilum til skoðunar og hafa þeir ekki gert við þá neinar athugasemdir. Endanlegt uppgjör skal miðast við endurskoðaðan reikning landshafnarinnar fyrir árið 1989.


7. gr.


Við fjárhagslegt uppgjör landshafnarinnar hefur verið tekinn saman sérstakur listi yfir framkvæmdaskuldir hennar og hefur afsalsgjafi í samræmi við áður tilvitnaða heimild í lögum nr. 69/1984 fallist á að þeim skuli létt af höfninni og ábyrgð á skilvísri greiðslu þeirra yfirtekin af ríkissjóði.

Gert í Reykjavík, 28. desember 1989.



  
Ólafur Ragnar Grímsson  
fjármálaráðherra

  
Steingrímur J. Sígússon  
samgönguráðherra  
mið fyrir va um ramp. vaxtarhæm

  
Guðflinnur Sigurvinsson  
bæjarstjóri  
f. h. bæjarstjórnar Kellavíkur

  
Oddur Einarsson  
bæjarstjóri  
f. h. bæjarstjórnar Njarðvíkur

Vitundarvottar:

  
Ólafur P. Valdimarsson, 110831-3239  
  
Sveinbjörn Þorsson, 060745-4479

Rétt ljósrit staðfest  
f.h.r.  
  
Þrági Gunnarsson

Skjal nr. 1374  
Móttökudagur veðskjals

- 8 APR 1991

Þinglýsingargjald	kr.	600
Stimpilgjald	kr.	24-75
Samtals	kr.	600

RECEIVED at Þinglýsingardæmi  
Kópavogur, 8 APR 1991  
[Signature]

# MÓTTEKIÐ

19. okt. 2022

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Vilhjálmur Þórhallsson hrl.  
Vatnsnesvegi 20  
Keflavík  
aðstoðaði við gerð samnings þessa.

Undirritaðar bæjarstjórnir í Keflavík og Njarðvík gera með sér svofelldan

## F É L A G S S A M N I N G

um yfirtöku og rekstur hafnanna í Keflavík og Njarðvík á grundvelli samkomulags aðila dags. 1.11.1988 og afsals fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 19.12.1989:

### 1. gr.

Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurkaupstaður, hér eftir nefndir sameigendur, stofna með sér hafnarsjóð til þess að eiga og reka allar eignir Landshafnar Keflavík - Njarðvík svo og önnur hafnarmannvirki innan lögsagnarumdæma þejanna. Stofnframlag til sjóðsins skal vera allar eignir Landshafnar Keflavík - Njarðvík, en þær eru upp taldar í efnahagsreikningi Landshafnarinnar pr. 31.12.1989. Sameigendur bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins gagnvart kröfuhöfum, en innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum, sbr. 2. grein.

### 2. gr.

Eignarhlutur hvors sameiganda um sig er 50 af hundraði.

### 3. gr.

Í hafnarstjórn sitja fimm menn og aðrir fimm til vara. Hvor sameigenda skipar 2 menn og tvo til vara. Formaður skal vera bæjarstjóri Keflavíkur eða bæjarstjóri Njarðvíkur. Skal hvor um sig eiga sæti í stjórninni tvö ár í senn, frá byrjun eða hálfnuðu kjörtímabili bæjarstjórnanna að telja. Þá skal hvor bæjarstjóri vera varamaður hins til sama tíma. Sá bæjarstjóri, sem er utan stjórnar hverju sinni, skal sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti. Hlutkesti ræður hvor bæjarstjórinn verður stjórnarformaður eftir bæjarstjórnarkosningar 1990. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skal sá tími vera hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur hafnarsjóð, sbr. þó 5. grein.

### 4. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnanna í umboði og á ábyrgð sameigenda. Sameigendur ráða hafnarstjóra að fenginni umsögn hafnarstjórnar. Hafnarstjóri fer með daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar. Hann skal í samráði við formann undirbúa stjórnarfundi þar sem hann á sæti með málfrelsi og tillögurétti. Nánari ákvæði um starfssvið hafnarstjórnar og hafnarstjóra skulu sett í reglugerð um höfnina.

### 5. gr.

Hafnarstjórn skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, en eigi sjaldnar en mánaðarlega. Fyrir lok aprílmánaðar ár hvert skal hún halda aðalfund. Á dagskrá aðalfundar skal taka eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og hafnarstjóra.

ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

STADFEST AFRIÐ

25.11.2021 FHK

2. Arsreikning liðins árs endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.
3. Kosningu tveggja skoðunarmanna til eins árs samkvæmt tilnefningu sameigenda.
4. Önnur mál.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal stjórn fjalla um og afgreiða tillögu að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Áætlunina skal afgreiða svo tímanlega að hana megi leggja fyrir bæjarstjórnir sameigenda til samþykktar eða synjunar, þannig að hún verði þar löglega afgreidd til Hafnamálastofnunar. Hafnarstjórn eða hafnarstjóri í umboði hennar geta ekki skuldbundið sameigendur umfram það sem fjárhagsáætlun heimilar hverju sinni.

6. gr.

Um höfnina gilda að öðru leyti ákvæði hafnalaga nr. 68/1984 og reglugerðar nr. 494/1986 um hafnamál.

7. gr.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja sameigenda með 12 mánaða fyrirvara. Verði ákveðið að skipta eignum hafnanna milli sameigenda, skulu eignir í lögsagnarumdæmi hvors sameiganda um sig falla til hans. Lausafé skiptist hins vegar eftir eignarhlutum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 3. gr. um skipun stjórnar kemur fyrst til framkvæmda eftir bæjarstjórnarkosningar vorið 1990. Þar til skal félaginu skipuð bráðabirgðastjórn. Hún er skipuð með sama hætti og kveður á um í 3. gr., með þeirri breytingu að bæjarstjórnar Keflavíkur og Njarðvíkur eiga báðir sæti í stjórninni sem aðalmenn.

Til staðfestu samningi þessum rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Keflavík/Njarðvík, 21.sept 1990.



Vottar:

*Guðrunna Sigurðsson, 060736-3719*  
*Angólfur Þórðarson 091037-3789*

*F. H. Þorsteinsson Njarðvíkur  
 með fyrirvara um samþykki*

*Þorsteinsson*



ÞJÓÐSKJALASAFN  
ÍSLANDS

STADFEST AFRIT  
25.11.2021